

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hjördís Guðmundsdóttir <hjordis@almanavarnir.is>
Sent: föstudagur, 28. júní 2024 16:11
Subject: Árleg ráðstefna Almanavarnasviðs ríkislögreglustjóra 31. október 2024 kl. 13:00 - 16:30

Góðan dag.

Árleg ráðstefna Almanavarnasviðs ríkislögreglustjóra verður haldin **fimmtudaginn 31. október kl. 13:00-16:30, á Hilton Reykjavík Nordica.**

Á ráðstefnunni verður eins og áður fjallað um almannavarnarmál á Íslandi. Dagskrá er í vinnslu en ef það er eitthvað sem þú myndir sérstaklega vilja fræðast um sem tengist Almanavörnum, þá er hægt að senda tölvupóst á undirritaða.

Öll sem hafa áhuga á almannavarnarmálum eru velkomin á ráðstefnuna. Aðgangur er ókeypis en sætafjöldi takmarkaður og því er skráning nauðsynleg (þó ekki nauðsynleg strax). Þessar línur sendar út svo hægt sé að taka daginn frá.

[RÁÐSTEFNA ALMANAVARNA 31. OKTÓBER 2024 \(office.com\)](#)

kveðja

Hjördís Guðmundsdóttir


Samskiptastjóri
Almanavarnir

hjordis@almanavarnir.is

Ríkislögreglustjóri

Skúlagötu 21
101 Reykjavík

rls@rls.is
4442500




Vinsamlegast
hugið að
umhverfinu
áður en

UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Hulda Kristjánsdóttir

From: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Sent: fimmtudagur, 4. júlí 2024 13:52
To: Valur Rafn Halldórsson
Cc: Þórdís Sveinsdóttir; Valgerður Rún Benediktsdóttir
Subject: Minnisblað til sveitarfélaga um gjaldfrjálsar skólamáltíðir
Attachments: Minnisblað vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða_04.07.2024.pdf; Viðauki I - Framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða ágúst-desember 2024.pdf

Til allra sveitarfélaga,

Meðfylgjandi er minnisblað um gjaldfrjásla skólamáltíða dags. 4. júlí 2024, ásamt viðauka um framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða ágúst til september 2024.

Nánari upplýsingar veita Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri þróunarsviðs og Valgerður Rún Benediktsdóttir yfirlögfræðingur Sambandsins.

Kv. Valur Rafn

Með kveðju / best regards

VALUR RAFN HALLDÓRSSON
SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTUSVIÐS



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES
DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4915 | 868 1895
www.samband.is | samband@samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



Minnisblað

Móttakandi: Sveitarfélög

Dags.: 4. júlí 2024

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

Efni Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Í samræmi við 23. gr. laga nr. 91/2008 um rekstur grunnskóla þá skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við næringarráðleggingar Embættis landlæknis (áður kallað opinber manneldismarkmið). Þá er sveitarfélögum heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja og hafa flest sveitarfélög nýtt sér þá heimild og innheimt gjald sem að meðaltali hefur staðið undir 40% hluta af kostnaði fyrir framleiðslu máltíða fyrir grunnskólabörn.

Við nýafstaðin þinglok Alþingis var samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem snýr einkum að gjaldfrjálsum skólamáltíðum í grunnskólum landsins. Lögin má rekja til sameiginlegrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. mars sl. sem hafði það að markmiði að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði.

Lögin kveða á um að við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist, á árunum 2024-2027, árlegt framlag úr ríkissjóði sem Jöfnunarsjóður úthlutar til þeirra sveitarfélaga sem bjóða öllum nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum. Fjárhæðin er ekki fastsett í lögnum heldur verður hún ákvörðuð í fjárlögum ár hvert. Sambandið hefur lagt mikla áherslu á að upphæðin verði uppfærð árlega til að forsendur um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga haldist út tímabilið. Alþingi tók undir þá kröfu Sambandsins og í nefndaráliti með lögnum er áréttað að við fjárlagagerð næstu ára beri að taka mið af sameiginlegri yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga frá 7. mars sl. enda væri um forsendubrest að ræða ef gerðar yrðu breytingar á framlagi ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna verkefnisins sem byggðust ekki á sömu sjónarmiðum og fram koma í umræddri yfirlýsingu.

Fyrirkomulagið verður þannig að framlagið skal skiptast hlutfallslega milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan og greiðist mánaðarlega til sveitarfélaga frá 1. ágúst 2024 til loka skólaárs 2027, að undanskildum júlímánuði ár hvert. Komi ekki til úthlutunar til sveitarfélags á grundvelli ákvæðisins skal reiknað framlag Jöfnunarsjóðs til viðkomandi sveitarfélags, endurgreitt ríkissjóði.

Fjárhæðin sem ákveðin hefur verið fyrir fyrstu fjóra og hálfan mánuð af skólaári 2024-2025 verður 1.725 milljónir sem skiptist við fjölda barna (á aldri 6 ára - 15 ára) skv. Hagstofu Íslands þann 1. janúar 2024. Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs hefur ekki tekið skiptinguna fyrir en drög að skiptingu fjármagns fylgir með í viðauka I, ykkur til upplýsinga.

Skipaður verður 4 manna vinnuhópur, sem í sitja tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem leggja mat á nýtingu og áhrif gjaldfrjálsra skólamáltíða. Meðal annars skal meta áhrif á markmið um að auka jöfnuð og draga úr fátækt meðal barna, hvort allir árgangar nýti sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir og hver sé ávinningur einstakra sveitarfélaga og landshluta. Þá skal meta reynslu og ánægju nemenda og foreldra. Niðurstaða hópsins skal liggja fyrir eigi síðar en 30. júní 2025.

Í þessu samhengi vill Sambandið árétta mikilvægi þess að hvert og eitt sveitarfélag haldi vel utan um þann kostnað sem til fellur hjá hverju þeirra vegna þessa málaflokks sem og þann fjölda nemenda sem munu nýta sér gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Samkvæmt sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambandsins á framlag ríkisins að meðaltali að jafngilda 75% af því sem foreldrar hefðu áður greitt. Að ári liðnu mun framangreindur vinnuhópur kalla eftir þeim upplýsingum.

Sambandið vonast til þess að fyrirkomulagið við gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum gangi vel fyrir sig og til að tryggja áreiðanlega upplýsingagjöf varðandi málaflokkinn, eru lagðir til eftirfarandi þættir í útfærslu, sem gott er að hafa í huga:

- Mikilvægt er að foreldrar þeirra nemenda sem óska eftir að þiggja gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum skrái börn sín í mataráskrift svo hægt sé að sjá, að ári hver raunverulegur fjöldi þessara nemanda er. Við þessa skráningu geta sveitarfélög upplýst foreldra um raunkostnað við málaflokkinn, kjósi þau það.

- Foreldrar skulu tilgreina mikilvægar upplýsingar í skráningunni líkt og dagaval, sérþarfir nemenda (vegan, grænmetisfæði, óþol ofl.).
- Að hvert og eitt sveitarfélag haldi utan um þann kostnað sem fellur til vegna þessa málaflokks til að hægt verði að meta raunkostnað.

Hugmyndafræðin að baki gjaldfrjálsra skólamáltíða er að tryggja grunnskólabörnum landsins aðgengi að góðum og hollum hádegisverði óháð fjárhagslegri stöðu foreldra og leggur þannig ríkari áherslu á jafnara samfélag fyrir alla. Málaflokkurinn fylgir ákveðnum lýðheilsu sjónarmiðum sem nær til heilsuverndar og forvarna og miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður einstaklinga, þjóðfélagshópa og þjóðarinnar í heild með heilsuefningu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu. Vísað er til handbókar fyrir grunnskólamötuneyti frá Embætti landlæknis.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum þá er velkomið að hafa samband.

Víðauki I - Drög af skiptingu framlaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíra ágúst-desember 2024

Svf. nr.	Sveitarfélag	Fjöldi barna á grunnskólaaldri	Hlutfall	ágúst	september	október	nóvember	desember	Samtals greitt
0	Reykjavíkurborg	15.703	32,90%	63.014.083	126.028.167	126.028.167	126.028.167	126.028.167	567.126.751
1000	Kópavogsbær	5.080	10,60%	20.385.375	40.770.750	40.770.750	40.770.750	40.770.750	183.468.375
1100	Seltjarnarneskaupstaður	647	1,40%	2.596.326	5.192.653	5.192.653	5.192.653	5.192.653	23.366.937
1300	Garðabær	2.527	5,30%	10.140.520	20.281.040	20.281.040	20.281.040	20.281.040	91.264.682
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	4.201	8,80%	16.858.063	33.716.126	33.716.126	33.716.126	33.716.126	151.722.568
1604	Mosfellsbær	1.873	3,90%	7.516.104	15.032.208	15.032.208	15.032.208	15.032.208	67.644.934
1606	Kjósarhreppur	21	0,00%	84.270	168.541	168.541	168.541	168.541	758.432
2000	Reykjanesbær	2.688	5,60%	10.786.592	21.573.184	21.573.184	21.573.184	21.573.184	97.079.329
2300	Grindavíkukaupstaður	558	1,20%	2.239.181	4.478.362	4.478.362	4.478.362	4.478.362	20.152.629
2506	Sveitarfélagið Vogar	184	0,40%	738.368	1.476.736	1.476.736	1.476.736	1.476.736	6.645.311
2510	Suðurnesjabær	548	1,10%	2.199.052	4.398.105	4.398.105	4.398.105	4.398.105	19.791.470
3000	Akraneskaupstaður	1.146	2,40%	4.598.748	9.197.496	9.197.496	9.197.496	9.197.496	41.388.732
3506	Skorradalshreppur	5	0,00%	20.064	40.129	40.129	40.129	40.129	180.579
3511	Hvalfjarðarsveit	93	0,20%	373.197	746.394	746.394	746.394	746.394	3.358.771
3609	Borgarbyggð	519	1,10%	2.082.679	4.165.358	4.165.358	4.165.358	4.165.358	18.744.112
3709	Grundarfjarðarbær	112	0,20%	449.441	898.883	898.883	898.883	898.883	4.044.972
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	17	0,00%	68.219	136.438	136.438	136.438	136.438	613.969
3714	Snæfellsbær	204	0,40%	818.625	1.637.251	1.637.251	1.637.251	1.637.251	7.367.628
3716	Sveitarfélagið Stykkishólmur	173	0,40%	694.226	1.388.453	1.388.453	1.388.453	1.388.453	6.248.037
3811	Dalabyggð	76	0,20%	304.978	609.956	609.956	609.956	609.956	2.744.802
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	122	0,30%	489.570	979.140	979.140	979.140	979.140	4.406.130
4200	Ísafjarðarbær	484	1,00%	1.942.229	3.884.457	3.884.457	3.884.457	3.884.457	17.480.058
4502	Reykholahreppur	30	0,10%	120.386	240.772	240.772	240.772	240.772	1.083.475
	Vesturbyggð	148	0,30%	593.905	1.187.809	1.187.809	1.187.809	1.187.809	5.345.142
4803	Súðavíkurhreppur	13	0,00%	52.167	104.335	104.335	104.335	104.335	469.506
4901	Árneshreppur	2	0,00%	8.026	16.051	16.051	16.051	16.051	72.232
4902	Kaldrananeshreppur	13	0,00%	52.167	104.335	104.335	104.335	104.335	469.506
4911	Strandabyggð	41	0,10%	164.528	329.055	329.055	329.055	329.055	1.480.749
5508	Húnaþing vestra	134	0,30%	537.724	1.075.449	1.075.449	1.075.449	1.075.449	4.839.520
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	58	0,10%	232.746	465.493	465.493	465.493	465.493	2.094.718

Flóahreppur
B.t. félagsmálastjóra

14. júní 2024
Tilvísun: 24010098

Efni: Niðurstöður frumkvæðisathugunar á upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga

Þann 25. mars 2024 sendi Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) út bréf sem innihélt tilkynningu til allra sveitarfélaga á landinu um að stofnunin hafi hafið frumkvæðisathugun á upplýsingagjöf um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga. Í bréfinu var einnig greint frá tilurð og markmiði athugunarinnar sem framkvæmd er á grundvelli 14. gr. laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV).

Við framkvæmd athugunarinnar var farið yfir upplýsingagjöf á vefsíðum sveitarfélaga til fatlaðs fólks sem könnuð var út frá eftirfarandi þáttum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

- Stoðþjónusta skv. 8. gr.
- Búseta skv. 9. gr.
- Notendasamningar skv. 10. gr.
- NPA skv. 11. gr.
- Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.
- Frístundaþjónusta skv. 16. gr.
- Skammtímadvöl skv. 17. gr.
- Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Einnig var upplýsingagjöf sveitarfélaganna könnuð út frá eftirfarandi þáttum úr lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga:

- Akstursþjónusta skv. 29. gr.
- Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laganna.

Frumkvæðisathugun GEV byggir á 32. gr. laga nr. 38/2018 þar sem fjallað er um frumkvæðisskyldu sveitarfélaga en í ákvæðinu segir að sveitarfélag skuli gera fötluðu fólki grein fyrir rétti sínum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018. Stafrænt aðgengi að upplýsingum um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk er mikilvægur liður í því samhengi.

Í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks, sem samþykkt var á Alþingi þann 20. mars 2024, er jafnframt fjallað um bætt aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk og fólk með langvarandi stuðningsþarfir og réttindi þess. Verkefni númer A.12 í landsáætluninni felur í sér að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar um réttindi og þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þess á einum stað. Tímaáætlun verkefnisins er frá 2025 til 2027 en þangað til að

framkvæmd þess er lokið er mikilvægt að sveitarfélög sinni þessari upplýsingagjöf á sínum vefsvæðum.

Við athuginina var stuðst við eftirfarandi viðmið:

- Eru upplýsingar um þjónustuna aðgengilegar?
- Eru upplýsingar um umsóknarferli vegna þjónustunnar aðgengilegar?
- Vísu upplýsingar í nógildandi löggjöf?
- Ef umsóknarferli er rafrænt, er tekið fram hvernig hægt sé að leitast eftir þjónustunni utan rafrænna leiða?

Með vísan í framangreint mælist GEV til þess að bætt verði úr þeim þáttum í upplýsingagjöf sveitarfélagsins um þjónustu við fatlað fólk þar sem þeim er ábótavant, út frá niðurstöðum úttektarinnar.

Niðurstöður Flóahrepps

Fjallað er um [málefni fatlaðs fólks](#) á vefsíðunni. Greint er frá því að Velferðarþjónusta Árneshvíks sinni málefnum fatlaðs fólks fyrir hönd sveitarfélagsins, greint er frá þjónustu velferðarþjónustunnar og hlekkur er á vefsíðu hennar. Því verður einnig fjallað um niðurstöður athugunar á vefsíðu Velferðarþjónustu Árneshvíks hér að neðan.

Niðurstöður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks

Almennt

Umfjöllun er á vefsíðunni um [þjónustu við fatlað fólk](#). Hægra megin á þeirri síðu er hlekkur á umsóknir um þjónustu á pdf formi. Á síðu um [lög og reglugerðir](#) er vísað á lög sem varða málaflokka skóla- og velferðarþjónustunnar. Þar er vísað á eldri lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 sem fallin eru úr gildi.

1. Stoðþjónusta skv. 8. gr.

Ekki eru sérstakar upplýsingar eða reglur um stoðþjónustu á vefsíðunni. Reglur skóla- og velferðarþjónustunnar [um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra](#) fjalla þó um stoðþjónustu. Í reglunum er fjallað um umsóknarferlið og taka reglurnar mið af nógildandi löggjöf. Að auki eru til staðar [reglur um félagslega liðveislu](#) og þar er fjallað um umsóknarferli vegna þjónustunnar. Reglurnar taka hins vegar mið af eldri lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 sem fallin eru úr gildi. Fjallað er nánar um félagslega liðveislu þar sem umfjöllun er að finna um [stuðningsþjónustu](#).

2. Búseta skv. 9. gr.

Engin umfjöllun er um þennan lið.

3. Notendasamningar skv. 10. gr.

Engin umfjöllun er um þennan lið.

4. NPA skv. 11. gr.

Umfjöllun er til staðar um [NPA](#) á vefsíðunni. [Reglur Bergrisans bs um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk](#) eru einnig aðgengilegar með öðrum [reglum](#) sem gilda fyrir skóla- og velferðarþjónustuna. Í reglunum er fjallað um umsóknarferli vegna þjónustunnar og taka reglurnar mið af núgildandi löggjöf.

5. Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.

Umfjöllun er til staðar um [stuðningsfjölskyldur](#) og [umsókn um þjónustuna](#) er einnig aðgengileg.

6. Frístundaþjónusta skv. 16. gr.

Engin umfjöllun er til staðar um þennan lið.

7. Skammtímadvöl skv. 17. gr.

Fjallað er um [skammtímadvöl](#) á vefsíðunni en umfjöllun um umsóknarferli er ekki til staðar þar. Reglur eru hins vegar til staðar [um afgreiðslu umsókna um skammtímavistun og verklag](#) og eru þar upplýsingar um umsóknarferlið. Reglurnar taka mið af lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks sem fallin eru úr gildi.

8. Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Umfjöllun er til staðar um [hæfingu, starfsþjálfun og verndaða vinnu](#) en ekki er fjallað um umsóknarferli vegna þjónustunnar.

9. Akstursþjónusta skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umfjöllun er til staðar um [akstursþjónustu](#) og um umsóknarferli vegna þjónustunnar. Hlekkur er á umsókn vegna þjónustunnar en hlekkurinn er hins vegar óvirkur. Þar sem [eyðublöð og umsóknir](#) er að finna er [umsókn um ferðaþjónustu](#) hins vegar aðgengileg. [Reglur um akstursþjónustu](#) eru aðgengilegar með öðrum reglum og taka reglurnar mið af núgildandi löggjöf. Upplýsingar um umsóknarferli eru einnig til staðar í reglunum.

10. Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umfjöllun er til staðar um [stuðningsþjónustu](#). Reglur eru til staðar um [heimaðþjónustu](#) sem og reglur um [stuðning við börn og fjölskyldur þeirra](#). Reglurnar taka mið af núgildandi löggjöf og í þeim er fjallað um umsóknarferli vegna þjónustunnar.

Athugun á vefsíðum Flóahrepps og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fór fram í júní 2024.

Virðingarfyllt,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,

Tómas Ingi Adolffson, sérfræðingur í eftirlitsteymi

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ragnarsson, Róbert <rragnarsson@kpmg.is>
Sent: mánudagur, 8. júlí 2024 14:42
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Sameiningarvalkostir

Sæl Hulda,

KPMG býður sveitarfélögum upp á aðstoð við að greina sameiningarvalkosti sína. Verkefnið gagnast sveitarfélögum til að leggja mat á hvort og þá við hvaða sveitarfélög þau ættu að hefja viðræður. Verkefnið nýtist líka til að taka saman gögn og upplýsingar til að vinna álit um stöðu sveitarfélagsins og getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Markmið verkefnisins er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sveitarfélagsins ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Í því felst jafnframt að greina sameiningarvalkosti. Afurð verkefnisins er skýrsla sem lýsir niðurstöðum verkefnisins og auðveldar sveitarstjórn að meta hvort og þá við hvaða sveitarfélög skuli hefja sameiningarviðræður.

Verklag KPMG byggir á greiningu fyrirbyggjandi gagna, svo sem um fjárhag sveitarfélaganna, samráði við sveitarstjórn, starfsfólk og íbúa.

Við höfum unnið valkostagreiningar fyrir fjölmörg sveitarfélög sem hefur nýst þeim til ákvarðanatöku. Sum hafa farið til viðræðna, meðan önnur hafa látið staðar numið.

Ef þið hafið áhuga, þá get ég sent nánari upplýsingar um verklagið og þóknunina. Rétt er að taka fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlög til að greina sameiningarvalkosti, þannig að verkefnið ætti að vera sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

Bestu kveðjur
RR

Róbert Ragnarsson, stjórn málafræðingur Msc.
Partner

GSM: 649 5535 | rragnarsson@kpmg.is
Ráðgjafarsvið | KPMG | home.kpmg/is

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt. Allar skoðanir og öll ráðgjöf sem þessi tölvupóstur inniheldur eru háð skilmálum og skilyrðum ráðningarbréfs milli KPMG og viðskiptavinarins.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful. Any opinions or advice contained in this email are subject to the terms and conditions expressed in the governing KPMG client engagement letter.



Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra
starfsmanna sveitarfélaga sem
málið varðar

Dags.: 10. júlí 2024

Sendandi: Helgi Aðalsteinnsson

Málsnr.: 2308027SA

Málalykill: 01.21

Efni: Ný spá Hagstofu og forsendur

Hagstofa Íslands birti nýja þjóðhagsspá sína þann 28. júní sl. þar sem farið var yfir efnahagshorfur til næstu ára. Við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaga er oft stuðst við þjóðhagsspá Hagstofu og í þessu stutta minnisblaði er farið yfir helstu þætti sem fram koma í framangreindri þjóðhagsspá.

Almennt má segja að hægja tók á hagvexti á seinni helmingi síðasta árs og á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs dróst verg landsframleiðsla saman um 4%. Að mati Hagstofu eru horfur á 0,9% hagvexti í ár sem verður borinn upp af innlendri eftirspurn. Reiknað er með 2,6% hagvexti árið 2025 og að hann verði drifinn áfram af einkaneyslu, fjárfestingu og bata í utanríkisviðskiptum. Á næstu árum er almennt reiknað með svipuðum hagvexti á breiðum grunni.

Helstu þættir í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands eru sýndir í neðangreindri töflu en til samanburðar eru niðurstöður úr nóvember spá 2023 í sviga.

Spá Hagstofu Íslands um þróun efnahagsmála 2024-2028

	2024		2025		2026		2027		2028	
Einkaneysla	0,9	(1,9)	2,4	(2,4)	2,8	(2,6)	2,8	(2,6)	2,8	(2,5)
Samneysla	1,6	(1,6)	0,9	(0,8)	0,8	(1,0)	1,0	(1,0)	1,3	(0,7)
Fjármunamyndun	1,1	(0,4)	3,0	(3,9)	3,5	(4,6)	1,8	(1,1)	1,7	(2,1)
Atvinnuvegafjárfesting	1,9	(1,9)	2,5	(3,6)	3,6	(5,1)	0,1	(1,1)	2,0	(1,6)
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	2,9	(-4,1)	4,9	(5,4)	6,4	(4,1)	5,0	(3,6)	3,8	(3,4)
Fjárfesting hins opinbera	-3,9	(0,5)	2,6	(2,9)	-0,4	(3,4)	4,9	(-2,3)	-2,5	(2,1)
Þjóðarútgjöld, alls	0,8	(1,5)	2,1	(2,3)	2,5	(2,6)	2,1	(1,8)	2,2	(1,9)
Útflutningur vöru og þjónustu	1,3	(3,7)	4,2	(3,0)	2,5	(2,8)	3,1	(3,3)	2,9	(3,0)
Innflutningur vöru og þjónustu	1,2	(2,3)	2,9	(2,4)	2,0	(2,5)	2,0	(1,9)	2,1	(2,0)
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	0,9	(2,1)	2,6	(2,6)	2,7	(2,7)	2,6	(2,5)	2,5	(2,4)
Atvinnuleysi (% af vinnuafli)	4,2	(4,0)	4,3	(4,2)	4,2	(4,1)	4,1	(4,1)	4,0	(4,0)
Vísitala neysliverðs (verðbólga)	6,0	(5,6)	3,9	(3,6)	2,7	(2,8)	2,5	(2,5)	2,5	(2,5)
Launavísitala m.v. fast verðlag	0,6	(1,1)	1,7	(1,0)	1,7	(1,6)	1,5	(1,6)	1,5	(1,6)

- Horfur eru á að einkaneysla aukist um 0,9% í ár en almennt má segja að hún hafi verið sterkari á fyrsta ársfjórðungi en vísbendingar bentu til. Nýir kjarasamningar og lægri verðbólga eru talin styðja við einkaneyslu þegar líður á árið og á næsta ári er gert ráð fyrir því að einkaneysla aukist um 2,4%. Talið er að raunlaun hækki meira á næsta ári vegna minni verðbólgu og að ráðstöfunartekjur aukist samhliða.
- Í ár er búist við hóflegri aukningu í atvinnuvegafjárfestingu og reiknað með að hún vaxi um 1,9%. Með lækkandi vöxtum er gert ráð fyrir að fjárfesting glæðist og talið að framkvæmdir við Hvammsvirkjun komist á fullt skrið á næstu tveimur árum.
- Íbúðarfjárfesting jókst um 15,7% á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs en gert er ráð fyrir minni krafti í henni út árið og að ársvöxtur verði 2,9% og vaxi nokkuð á næstu árum. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 5,8% á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs, samanborið við síðasta ár, en spáð er að hún dragist alls saman um 3,9% á árinu en taki svo við sér og vaxi um 2,6% á næsta ári (2025).
- Á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs reyndist framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar neikvætt enda dróst útflutningur saman um 3,3% á milli ára, einkum samdráttur í þjónustuútflutningi. Loðnubrestur og orkuskerðing Landsvirkjunar til stórnotenda hafði einnig töluverð áhrif. Innflutningur jókst um 1,6% á milli ára (á ársfjórðungnum) sem rekja má til aukins þjónustuinflutnings. Gert er ráð fyrir að vöruútflutningur taki við sér og að útflutningur aukist um 1,3% á árinu og 4,2% á því næsta.
- Verðbólga hefur hjaðnað hægt á árinu, ekki síst vegna þrýstings á fasteignamarkaði. Peningalegt aðhald kælir hagkerfið en gengi krónunnar hefur verið stöðugt og vonast er eftir því að nýgerðir kjarasamningar styðji við hagfellda verðlagsþróun á næstu árum. Talið er að vísitala neysliverðs hækki um 6% að meðaltali í ár og gert ráð fyrir að hún verði 3,9% árið 2025 og 2,7% árið 2026.
- Helstu óvissuþættir í tengslum við spána¹ :
 - Náttúruhamfarir á Reykjanesi
 - Verðbólguþróun
 - Alþjóðlegar efnahagshorfur
 - Aukin spenna í alþjóðasamskiptum og stríðsátök

Spá Hagstofu er í takti við spár greiningadeilda bankanna að undanförmu.

Nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands má finna í heild sinni á neðangreindri vefslóð :

[Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands \(28.júní 2024\)](#)

HA

¹ Forsendur þjóðhagsspár Hagstofu Íslands byggja á gögnum sem lágu fyrir í byrjun júní 2024.

Yfirlýsing vegna forkaupsréttar

Við sveitarfélagið Flóahreppur kt.: 600606-1310 höfum ákveðið á nýta okkur ekki forkaupsrétt okkar að fasteigninni Brandshús 6, 803 Selfoss F230-3936 sem kom á samþykkt kauptilboð 11.6.2024.

Í 6gr. lóðarleigusamnings fyrir þessa eign frá 26.05.2006, með þinglýsinganr.:433-X-003175/2006, er kveðið á um forkaupsrétt lóðareiganda.

Með undirskrift sveitarfélagsins samþykkjum við að falla frá forkaupsrétti þessum.

Þingborg 11/7/2024

Staður og dagsetning


Hildur Magnúsdóttir

F.H. Flóahrepps kt.:600606-1310

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift

og yfirlýsingu um fjárræði:

Nafn og kt.

Jens Magnús Jakobsson
Löggiltur fasteignaa- og skipasali
Kt. 210880-3999

Nafn og kt.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hrönn Jónsdóttir <hronn@skeidgnup.is>
Sent: miðvikudagur, 3. júlí 2024 14:00
To: Haraldur Þór Jónsson
Cc: Ásta Stefánsdóttir; Iðja Marsibil Jónsdóttir; Sýlvía Karen Heimisdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; Pétur Georg Markan; Elliði Vignisson; Bragi Bjarnason; Oddviti Bláskógabyggðar; Árni Eiríksson; fjolask@arborg.is; Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Subject: Bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Attachments: Bréf til stjórnar Brunavarna Árnessýslu 030720 - 88549.pdf

Heil og sæl

Eftirfarandi erindi var tekið fyrir á sveitarstjórnarfundi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í morgun:

Lagt fram bréf stílað á stjórn Brunavarna Árnessýslu er varðar ósk sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnessýslu að slökkviliðsstjóra verði falið að taka saman tölfræði um verkefni síðustu 5 ára. Þannig verði kortlagt hvernig verkefni Brunavarna Árnessýslu skiptist á brunavarnir, slys í umferð, önnur slys, almannavarnir og verkefni tengt flugumferð og sjóumferð. Þegar slík gögn liggja fyrir er það ósk sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að gerð verði tillaga að nýrri kostnaðarskiptingu í samræmi við öll verkefni sem Brunavarnir Árnessýslu sinnir, en ekki horfa einungis til brunabótamats fasteigna og íbúafjölda eins og núverandi kostnaðarskipting er.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að senda framlagt erindi til stjórnar Brunavarna Árnessýslu og ásamt því að senda afrit af bréfinu til sveitarstjóra/bæjarstjóra allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Brunavörnum Árnessýslu.

Meðfylgjandi er umrætt bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Með bestu kveðju



Hrönn Jónsdóttir
Þjónustufulltrúi
Skeiða- og Gnúpverjahrepp

☎ 486-6100

✉ hronn@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is

Árnes, 804 Selfoss



Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar. Það er óheimilt að kynna sér efni tölvupóstsins, lesa, skrá það hjá þér eða notfæra á nokkrum hátt. Brot gegn framangreindum lögum geta varðað bótaábyrgð og refsingu.



Árnesi, 3. júlí 2024

Erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnessýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna.

Framundan er vinna við að færa Brunavarnir Árnessýslu inn í nýtt byggðasamlag. Vinna við nýjar samþykktir er í gangi og í nýjum samþykktum þarf að skilgreina kostnaðarskiptingu við rekstur Brunavarna Árnessýslu. Núverandi kostnaðarskipting hefur verið á þann hátt að 70% af rekstrarkostnaði er reiknaður út frá brunabótamati fasteigna og 30% er reiknaður út frá íbúafjölda. Slík skipting leiðir til þess að kostnaður við brunavarnir verður mjög misjafn á hvern íbúa milli sveitarfélaga.

Á vorfundi Héraðsnefndarinnar fór slökkviliðsstjóri yfir starfsemi síðasta árs. Á þeim fundi spurði oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hversu mikill hluti starfsemi Brunavarna Árnessýslu færi í brunavarnir og hversu mikill hluti færi í önnur verkefni eins og slys o.fl. Svárið við þeirri spurningu var að brunavarnir væru um 40% af starfseminni á meðan önnur verkefni væru 60%. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er það sanngirnismál að rekstur Brunavarna Árnessýslu verði rekinn á jafnræðisgrundvelli með tilliti til þeirra verkefna sem starfsemin sinnir. Í kostnaðarskiptingunni er ekki tekið tillit til slysatíðni í umferð, flugvalla, hafna eða almannavarna. Mikilvægt er að kostnaðarskipting í Rekstri Brunavarna Árnessýslu verði í samræmi við verkefnið sem sinnt er.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskar eftir því við stjórn Brunavarna Árnessýslu að slökkviliðsstjóra verði falið að taka saman tölfræði um verkefni síðustu 5 ára og þannig verði kortlagt hvernig verkefni Brunavarna Árnessýslu skiptist á brunavarnir, slys í umferð, önnur slys, almannavarnir og verkefni tengt flugumferð og sjóumferð.

Þegar slík gögn liggja fyrir verði gerð tillaga að nýrri kostnaðarskiptingu í samræmi við öll verkefni sem Brunavarnir Árnessýslu sinnir, en ekki horfa einungis til brunabótamats fasteigna og íbúafjölda.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti

Afrit af bréfi þessu er sent á sveitarstjóra/bæjarstjóra allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Brunavörnum Árnessýslu.

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 03.07.2024
Tími: 13:24:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf44d2d5-b286-
4400-8fae-9e0cec85ae92

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: föstudagur, 28. júní 2024 16:43
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Fs: Til upplýsingar - Minnisblað til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um skipulagsnefnd
Attachments: Minnisblað um skipulagsmál hjá UTU 16 maí endanlegt.pdf

Frá: Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@fludir.is>

Sent: 25. júní 2024 17:22

Til: valtyr@asahreppur.is; Hulda Kristjánsdóttir; Iða Marsibil Jónsdóttir; Ásta Stefánsdóttir; Sylvía Karen Heimisdóttir (sylviakaren@skeidgnup.is); Nanna Jónsdóttir; vigfus@utu.is; Jón Bjarnason

Efni: Til upplýsingar - Minnisblað til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um skipulagsnefnd

Komið þið sæl !

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 20. júní 2024 var lagt fram minnisblað vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU bs sem gert var af Guðjóni Bragasyni, lögmanni.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var svohljóðandi:

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með minnisblaðið og felur sveitarstjóra að senda það til annarra þátttökusveitarfélaga UTU.

Í viðhengi er umrætt minnisblað sem hugsað er sem innlegg í umræðu um breytingar á samþykktum UTU bs sem fram munu fara að afloknum sumarfríum samkvæmt samþykkt stjórnar.

Bestu kveðjur
Aldís



Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Sími: 480-6600
Akurgerði 6, 845 Flúðir
www.fludir.is

Minnisblað til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps

GB STJÓRNSÝSLURÁÐGJÖF 16. MAÍ 2024

Breytingar á samþykktum UTU

Til afgreiðslu á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps 16. maí nk. er mál er varðar breytingar á samþykktum fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU). Markmið breytingar er að formfesta ákvörðun sveitarfélaganna á starfssvæði UTU um að fela byggðasamlaginu rekstur seyruverkefnis.¹

Ekki er tilefni til ábendinga um atriði sem snúa að þeirri breytingu samþykktanna, sbr. einkum 3. tl. 3. gr. og B., C. og D. liði 7. gr., ásamt Viðauka 3.

Í tengslum við þessar breytingar hefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps óskað eftir álitum undirritaðs á því fyrirkomulagi að aðildarsveitarfélög UTU feli byggðasamlaginu meðferð skipulagsmála. Í því felst annars vegar að hjá UTU starfar skipulagsfulltrúi sem starfrækir lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa, sbr. einkum 2. tl. 3. gr. og Viðauka 2. Hins vegar tilnefna aðildarsveitarfélögin einn aðalmann og annan til vara í stjórn UTU sem jafnframt er sameiginleg skipulagsnefnd fyrir aðildarsveitarfélögin, sbr. 9. gr. og er kjörtímabil stjórnar og skipulagsnefndar það sama og sveitarstjórna. Kjörgengir eru aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Almennt um stjórnýslu skipulagsmála og heimild til samvinnu

Dæmi um samvinnu sveitarfélaga um skipulagsmál

Algengt er að sveitarfélög eigi með sér samstarf um skipulagsmál. Þekkt dæmi er m.a. að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa falið SSH að starfrækja svæðisskipulagsnefnd. Almennt er þó samstarf sveitarfélaga um gerð svæðisskipulags tímabundið verkefni frekar en viðvarandi rekstrarverkefni. Um málsmeðferð við gerð svæðisskipulags gilda ákvæði IV. kafla sömu laga. Ákvörðun um skipun svæðisskipulagsnefndar felur ekki í sér valdframsal af hálfu sveitarstjórna heldur er um að ræða lögbundið fyrirkomulag.

Fjögur sveitarfélög í Eyjafirði starfrækja sameiginlegt embætti, Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðar bs. Hvert þeirra sveitarfélaga starfrækir þó skipulagsnefnd fyrir sitt sveitarfélag. Fyrir sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar starfræktu þau sveitarfélög sameiginlegan skipulags- og byggingarfulltrúa en starfræktu hvort sína skipulagsnefnd. Lengst hefð er þó fyrir samvinnu sveitarfélaga um skipulagsmál í uppsveitum Árnassýslu, sem nú nær einnig til Flóahrepps og Ásahrepps.

¹ Þar sem vísað er til einstakra ákvæða samþykpta fyrir UTU er átt við skjal með innfærðum breytingum vegna seyruverkefnis.

Lagaheimildir til samvinnu

Í 4. mgr. 6. gr. skipulagslaga segir að sveitarfélög geti haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu skipulagsnefnda og ráðningu skipulagsfulltrúa, sbr. 7. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. laganna segir síðan að sveitarstjórnir sem ákveða að gert skuli svæðisskipulag skuli koma á fót svæðisskipulagsnefnd sem hafi það hlutverk að vinna tillögu að svæðisskipulagi. Tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi sitja í nefndinni nema sveitarfélögin ákveði annað. Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar eru sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum en samþykki allra sveitarstjórna þarf fyrir skipulagsákvörðunum nefndarinnar, svo sem um samþykkt skipulagstillögu til auglýsingar og endanlega samþykkt svæðisskipulags, sbr. 3. mgr. 9. gr. skipulagslaganna.

Í skipulagslögum er ekki kveðið á um hvernig formi samvinnu skuli háttað, aðeins er kveðið á um að sveitarfélög hafi heimildir til að kjósa sameiginlega skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa, sbr. 4. mgr. 6. gr. skipulagslaga. Af því má leiða að reglum sveitarstjórnarlaga skuli fylgt um samvinnuna. Rekstrarfyrirkomulagið byggðasamlag uppfyllir þær kröfur vel.

Frekari sjónarmið út frá markmiðum skipulagslaga

Gjarnan er sagt að skipulagshlutverkið sé einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga². Í 1. gr. skipulagslaga segir að markmið laganna sé meðal annars að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þar sem réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þó að hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi, og að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana með því að veita honum tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð áætlana.

Spyrja má hvort sveitarstjórnnum sé ekki nokkur vandi á höndum að vinna að framangreindum markmiðum ef stjórnsýsla skipulagsmála er að stórum hluta komin út fyrir sveitarfélagið sjálft. Einnig má spyrja hvort kjörnir fulltrúar hafi nægilega aðkomu að mótun áherslna sem varða framtíðarskipulag sveitarfélagsins, þótt vitaskuld séu almennt til staðar tækifæri til að haga undirbúningi þannig að sjónarmið sveitarstjórna fái sem mest vægi.

Tengt þessari vangaveltu má benda á skýringar við tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2028, sem samþykkt var 14. maí sl., þar sem rætt er um framtíðaráskoranir í skipulagsmálum:

Sveitarfélögin – Landshlutar.³

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram leiðarljós um áherslur í skipulagsmálum til útfærslu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Það er síðan á valdi hvernar sveitarstjórnar að útfæra hvernig hún telur eiga við að vinna úr þeirri stefnu innan sinnar skipulagslögsögu og í samvinnu við önnur sveitarfélög þegar þannig háttar til. Í ákveðnum tilvikum kann landsskipulagsstefna þó að setja

² Sjá grein 1.5 í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2022-2026: Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.

³ Þingskjal 621-535. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024: [0621.pdf \(althingi.is\)](https://althingi.is/0621.pdf)

nýjar kröfur á sveitarfélög varðandi gagnaöflun og áherslur í skipulagsvinnu. Þetta getur t.d. átt við um þá áherslu varðandi landnotkun í dreifbýli að varðveita gott landbúnaðarland til að stuðla að fæðuöryggi og greina hvaða svæði geta hentað fyrir landnotkun í þágu kolefnisbindingar og vindorkuframleiðslu. Einnig eru sett fram nýmæli um að landslagsgreining verði lögð til grundvallar í skipulagi til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu umhverfi. Þannig verði gætt að fjölbreyttu og verðmætu landslagi við skipulagsgerð og vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja og byggðar. Settar eru fram aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess bær verkfæri ásamt bestu fánlegu gögnum hverju sinni, sem mun draga úr kostnaðaráhrifum þessara krafna.

Mögulegur lýðræðishalli á núverandi fyrirkomulagi

Í umræðu um framtíð sveitarstjórnarstigsins og ókosti núverandi sveitarfélagaskipunar er gjarnan nefnt það markmið að fækka samstarfsverkefnum sveitarfélaga en þó einkum verkefna sem fela í sér valdframsal.⁴

Slík orðræða í opinberri stefnumótun gefur sveitarstjórnnum tilefni til að staldra við, skoða fyrirkomulag samstarfsverkefna og mögulega leita leiða til að fækka þeim eða finna leiðir til að draga úr svonefndum lýðræðishalla, sem gjarnan er nefndur í sömu andrá og samvinnuverkefni sveitarfélaga. Ekki er fullvíst að nægilega gagnrýnin orðræða hafi legið til grundvallar þegar samvinnu var komið á fót og einnig er óvíst að við stofnun samstarfsverkefnis hafi sveitarstjórnir séð fyrir sér að samstarf yrði með sem næst óbreyttu sniði áratugum síðar. Óhætt er að fullyrða að umfang verkefna sveitarfélaga í skipulagsmálum hefur aukist mjög, bæði hvað varðar fjölda mála og flækjustig, sem m.a. hlýst af þróun lagaumhverfis skipulagsmála.

Þegar horft er til þeirrar umgjarðar sem birtist í samþykktum UTU felst augljós lýðræðishalli í því að í stjórn byggðasamlagsins, sem jafnframt er skipulagsnefnd, veljiist aðeins einn fulltrúi úr hverri sveitarstjórn. Aðkoma minnihluta í sveitarstjórnnum að umfjöllun um skipulagsmál verður fyrir vikið mun minni en ef kosin væri með hlutfallskosningu þriggja eða fimm manna skipulagsnefnd í viðkomandi sveitarfélagi eða ef sveitarstjórn fer sjálf með verkefni skipulagsnefndar. Til samanburðar má benda á að minnihluta er almennt tryggð bein aðkoma að vinnu svæðisskipulagsnefnda, þar sem hvert sveitarfélag tilnefnir tvo fulltrúa.

Undirritaður er ekki nógu vel kunnugur fyrirkomulagi skipulagsmála á starfssvæði UTU til að geta lagt dóm á það hvort sveitarfélögin hafi fundið fullnægjandi leiðir til að vega á móti þessum lýðræðishalla. Markviss upplýsingagjöf, samráð við viðkomandi sveitarstjórnir, stefnumótun sveitarstjórnanna sjálfra og fleiri möguleg verkfæri gætu þannig virkað til mótvægis, svo fáein dæmi séu nefnd. En jafnvel þótt gætt sé að slíkum þáttum hlýtur að skorta verulega á að aðkoma kjörinna fulltrúa að skipulagsmálum sé jafn mikil og tíðkast almennt í öðrum sveitarfélögum, því í raun er það aðeins einn kjörinn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sem tekur þátt í fundum skipulagsnefndar og á á þeim vettvangi í beinum samskiptum við skipulagsfulltrúa. Sá sveitarstjórnarmaður er

⁴ Eitt af fjölmörgum dæmum um þessa umræðu er Hvítbók um málefni sveitarfélaga, sem kynnt var í samráðsgátt 2023: [Samráðsgátt | Mál: S-72/2023 \(island.is\)](#)

þar með í yfirburðastöðu gagnvart öðrum sveitarstjórnarfulltrúum við afgreiðslu mála í sveitarstjórn.

Annar mögulegur veikleiki, sem má líklega einnig kalla lýðræðishalla, og undirritaður telur fljótt á litið vandasamt að bregðast við, er hvernig sveitarstjórnir eiga að geta sýnt nægilegt frumkvæði í stefnumarkandi ákvörðunum og eftirfylgd með áherslum í aðalskipulagi ef skipulagsmál eru falin stjórnvaldi sem er utan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Ábendingar til umræðu

1. Ef vilji sveitarstjórnar Hrunamannahrepps er sá að endurskoða núverandi fyrirkomulag samvinnu á vettvangi UTU þarfnast það að sjálfsögðu frekari skoðunar hvernig staðið yrði að þeim breytingum.
2. Eðlilegt fyrsta skref væri að kanna afstöðu aðildarsveitarfélaga UTU um hvort þau séu á sama máli. Ef sú reynist vera raunin væri hægt að vinna að breytingum á stjórnsýslu í sátt við aðildarsveitarfélögin. Hve umfangsmikil sú vinna mun reynast veltur á því hvort einungis sé verið að horfa til þess að skipulagsnefndir verði framvegis starfræktar í hverju sveitarfélagi. Vel ætti að vera mögulegt að útfæra breytingar þannig að UTU starfræki áfram embætti skipulagsfulltrúa sem vinni með hverri og einnig skipulagsnefnd, í stað sameiginlegrar skipulagsnefndar.
3. Reynist ekki vera hljómgrunnur fyrir því hjá öðrum aðildarsveitarfélögum að hverfa frá því að starfrækja sameiginlega skipulagsnefnd getur reynt á ákvæði samþykktanna um breytingar og eftir atvikum útgöngu Hrunamannahrepps úr byggðasamlaginu, sbr. 18. og 19. gr. samþykktanna.
4. Varðandi tímaramma breytinga þarf að horfa til samþykktu UTU. Væntanlega væri um að ræða breytingu á samþykktum, sbr. 19. gr., frekar en úrgöngu sbr. 20. gr., en í síðarnefndu greininni er vísað til 95. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem eru m.a. ákvæði um tíma sem getur þurft að líða áður en úrsögn tekur gildi. Í 19. gr. er kveðið á um að öll aðildarsveitarfélög þurfi að samþykkja breytingar sem gerðar eru á samþykktinni.
5. Að lokum skal tekið fram að ef sveitarstjórn vill skoða frekar mögulegar breytingar á samþykktinni hvað varðar stjórnsýslu skipulagsmála þarf það ekki endilega að tefja staðfestingu á þeim breytingum sem nú eru lagðar til vegna seyruverkefnisins.

Reykjavík 16. maí 2024

Guðjón Bragason

GB Stjórnsýsluráðgjöf slf.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Iða Marsibil Jónsdóttir <sveitarstjori@gogg.is>
Sent: fimmtudagur, 25. júlí 2024 11:17
To: Ásta Stefánsdóttir; Oddviti Bláskógabyggðar; jonbjarna@fludir.is; aldis@fludir.is; Haraldur Þór Jónsson; Sylvía Karen Heimisdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; Árni Eiríksson; isleifur@asahreppur.is; valtyr@asahreppur.is
Cc: Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Subject: Bókun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps - minnisblað frá sveitarstjórn Hrunamannahrepps um skipulagsnefnd

Góðan dag,

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tók til minnisblað frá sveitarstjórn Hrunamannahrepps til umfjöllunar á fundi sínum í morgun.

Eftirfarandi bókun var gerð og tilkynnist hér með.

Minnisblað frá sveitarstjórn Hrunamannahrepps um skipulagsnefnd.

Fyrir liggur tölvupóstur frá sveitarstjóra Hrunamannahrepps dags. 25. júní 2024 þar sem kynnt er afgreiðsla sveitarstjórnar um samþykktir Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. og jafnframt fylgdi tölvupóstinum minnisblað frá GB Stjórnsýsluráðgjöf um skipulagsmál dags. 16. maí 2024.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) er byggðasamlag 6 sveitarfélaga, Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Ásahrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Innan byggðasamlagsins starfa byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi og aðrir starfsmenn sem vinna fyrir öll sveitarfélögin. Hvert sveitarfélag skipar fulltrúa, einn aðalman og einn til vara, sem situr bæði í skipulagsnefnd og stjórn byggðasamlagsins. Í skipulagslögum 123/2010 6. gr. segir að verkefni skipulagsnefndar sé að „fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna. Sveitarstjórn er heimild í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum, sbr. [42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011], 1) svo sem afgreiðslu deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa. Afgreiðsla á svæðis- og aðalskipulagi er þó ávallt háð samþykki sveitarstjórnar“.

Skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita hefur samkvæmt gildandi samþykktum enga heimild til fullnaðarafgreiðslu mála og er því eingöngu ráðgefandi nefnd sem skipuð er sveitarstjórnarmönnum úr sex sveitarfélögum sem sitja fundi tvisvar í mánuði með skipulagsfulltrúa, byggingarfulltrúa og öðrum starfsmönnum embættisins þegar við á og ræða málin á breiðum grundvelli og leggja til bókanir út frá aðalskipulagsáætlun hvers sveitarfélags. Fundargerð skipulagsnefndar er svo send til hvernar sveitarstjórnar sem þarf að staðfesta bókanir skipulagsnefndar eða gera breytingar þegar við á. Hvert sveitarfélag hefur sitt eigið aðalskipulag sem samkvæmt 28. gr. skipulagslaga 123/2010 “er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál“. Það er því annars vegar í höndum embættismanna byggðasamlagsins að vinna eftir 6 mismunandi aðalskipulagsáætlunum og hins vegar hvernar sveitarstjórnar að vinna eftir aðalskipulagi síns sveitarfélags þegar kemur að bókunum og ákvörðunum um skipulagsmál. Skipulagsnefnd tekur ekki stjórnvaldsákvæðanir, þar skiptast fulltrúar sveitarfélaganna eingöngu á skoðunum og ræða málin út frá mismunandi sjónarhornum.

Sveitarstjórn telur núverandi fyrirkomulag skipulagsnefndar hentugt og til þess fallið að fá víðsýna nálgun á afgreiðslu þeirra mála sem koma á borð nefndarinnar. Með núverandi fyrirkomulagi geta sveitarstjórnarmenn nágrennasveitarfélaga miðlað reynslu úr sínum sveitarfélögum við afgreiðslu tiltekinna mála. Þannig megi minnka líkur á eða jafnvel koma í veg fyrir að mistök við skipulagsmál endurtaki sig. Hafa ber í huga að

skipulagsnefnd er einungis ráðgefandi nefnd og sveitarstjórn er ekki bundin af afgreiðslu nefndarinnar.
Fullnaðarafgreiðsla mála er því ávallt hjá sveitarstjórn.

Sveitarstjórn leggst þar af leiðandi samhljóða gegn þeirri tillögu sem nefnd er í minnisblaði GB
Stjórnsýsluráðgjöf um að breyta samþykktum UTU á þann veg að skipulagsnefndir verði starfræktar í hverju
sveitarfélagi með tilheyrandi aukakostnaði og álagi á starfsfólk Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

Bestu kveðjur

Iða Marsibil Jónsdóttir

Sveitarstjóri

Sími: 480-5500

Netfang: sveitarstjori@gogg.is

Veffang: www.gogg.is

Borg 805 Selfoss

[Skilmálar/Disclaimer](#)



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

